



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE1GB05 (Grunnur B)

Kennari/kennarar:	Birgir Aðalbjarnarson (birgira@fsu.is) Jón Özur Snorrason (jozur@fsu.is) Stefán Hannesson (stefanhannesson@fsu.is)
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn, málnotkun og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

Undanfari: ÍSLE1GA05 eða grunnskólaeinkunn upp á C+ í íslensku.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum nytja- og bókmenntatexta
- helstu bókmenntahugtökum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málvari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

Námsefni:

- Skáldsagan Sonur minn eftir Alejandro Palomas
- Efni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dags.	Viðfangsefni
5. – 9. janúar Kennsla hefst 8. jan	Áfangi kynntur.
12. – 16. janúar	Textavinna, verkefni
19. – 23. janúar	Textavinna, verkefni og próf
26. – 30. janúar	Ritunarvinna
2. – 6. febrúar	Ritunarvinna
9. – 13. febrúar	Ritunarvinna
16. – 20. febrúar Miðannarmat	Sonur minn: Próf 1 í fyrri tímanum (bls. 11-72). Umræður og verkefni.
23. – 27. febrúar Vorfrí 23. – 24. feb	Sonur minn: Próf 2 í fyrri tímanum (bls. 73-144). Umræður og verkefni.
2. – 6. mars Áfangamessa 4. mars	Sonur minn: Próf 3 í fyrri tímanum (bls. 145-213). Umræður og verkefni.
9. – 13. mars Valdagur 11. mars	Ritgerð Sonur minn, innlögn. Vinna í tímum.
16. -20. mars Kátir dagar og Flóafár 18. – 20. mars	Ritgerð Sonur minn: Unnið í ritgerð.
23. -27. mars	Ritgerð Sonur minn: Ritgerð kláruð og skilað.
30. mars – 3. apríl	Páskafrí
6. -10. apríl 6. apríl páskafrí	Málnotkun: Verkefnavinna.
13. – 17. apríl	Málnotkun: Verkefnavinna.
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl	Málnotkun: Verkefnavinna.
27. apríl – 1. maí Verkalýðsdagurinn 1. maí	Málnotkun: Upprifjun og próf
4. maí – 8. maí	Framsögn
11. – 15. maí Síðasti kennsludagur 13. maí	Framsögn

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögð fer eingöngu fram þar.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er óheimil nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefni sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda. Gerist nemendur uppvísir um ritstuld fá þeir undantekningarlaust einkunnina 0.
- Kennarar taka einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða í tölvupósti, ekki í Messenger.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi. Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Textavinna	Próf	5%
Ritunarvinna	Verkefni og tímaritgerð	10%
Sonur minn	Verkefni, próf og ritgerð	45%
Málnotkun	Verkefni og próf	30%
Framsögn	Verkefni	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026, kennarar áfangans.